

Ingvar Sigurður Jónsson
Deildarstjóri/ Skrifstofa íþróttafulltrúa
Hafnarfjörður

13. nóvember 2013

Efni: Styrkumsókn Karfan.is v./ Helena Sverrisdóttir

Sæll Ingvar

Karfan.is sækir hér með um styrk að upphæð 150.000,- kr til þess að fjármagna ferð í heimsókn til Helenu Sverrisdóttur landsliðskonu og atvinnumanneskju í körfuknattleik. Helena er einn af allra bestu kvenkyns íþróttamönnum þjóðarinnar og hyggur Karfan.is á heimsókn til hennar til að gera hennar afrekum ítarleg skil í bæði máli og myndum.

Karfan.is er fyrsta íslenska körfuboltasíðan með þúsundir heimsókna dag hvern og tugi þúsunda vikulega. Síðan starfar alfarið með sjálfbóðaliðaframtaki og þær fáu auglýsingar sem birtast á síðunni fara allar í að fjármagna eitt verkefni sem er Norðurlandamót unglunga ár hvert (U16 og U18 ára keppni í Svíþjóð á vordögum). Afgangstekjur ef einhverjar eru notast alfarið í verkefni á borð við það að heimsækja atvinnumenn okkar erlendis og hefur Karfan.is tekis m.a. að heimsækja Jón Arnór Stefánsson og Hörð Axel Vilhjálmsson svo einhverjir séu nefndir.

Vart þarf að kynna Hafnfirðingum að Helena er þar borin og barnfædd og ef styrkur til þessa verkefnis fengist frá bænum þá vissulega yrði verkefnið í heild merkt Hafnarfjarðarbæ með auglýsingum á vefsíðu Karfan.is sem og í öllu mynd- og videoefni sem búið yrði til í heimsókninni.

Fyrirhugað er að reyna heimsókn til Helenu fyrir jól eða snemma á nýja árinu.

Með von um jákvæðar undirtektir.

Jón Björn Ólafsson
Ritstjóri Karfan.is
www.karfan.is
nonni@karfan.is
GSM: 8681061